

Setning

Kæru brautskráningarnemar, aðstandendur, starfsfólk Laugaskóla og aðrir gestir. Hjartanlega velkomin á brautskráningarathöfn Framhaldsskólans á Laugum.

Kæru tilvonandi stúdentar. Ég er rífandi stoltur af ykkur og í dag er mér eiginlega efst í huga þakklæti fyrir að hafa fengið að vera samferða ykkur í vetur. Þið megið vera stolt og þið eigið að vera stolt.

Í hinu stóra samspili hlutanna víxlverka hlutir hverjir á aðra. Laugar hafa mótað ykkur en þið hafið líka mótað Laugasamfélagið - kennarar og annað starfsfólk hafa mótað ykkur en þið, tilvera ykkar og nærvera hefur mótað þau líka.

Þannig safnast saman mikill sameiginlegur fjársjóður tilfinninga og minninga, **samvitund** sem er einn af hornsteinum samfélaga.

Þessi samvitund hefur líka mótað gamlan gráhærðan mann sem vinnur á efri hæðinni hjá ykkur. Hún hefur mótað hann þannig að sjálfsmynd hans er dregin af honum - og Laugum til hálfis.

-Og talandi um Reykjadal. Hér er alltaf gott veður. Dagurinn í dag er sannarlega staðfesting þess. *Þegar óveðrið æsist og ýlfrandi slær, ísköldum éljum í vitin...* (eins og Hannes Pétursson sagði) er hér ævinlega koppalogn - með einhverjum hætti.

Það er því mjög við hæfi að breyta aðeins í söng og taka Laugamannasönginn. Textinn er á blöðum hjá ykkur, undirleikari er Pétur Ingólfsson og eftir engu að bíða....

Á heildina litið held ég að megi segja að skólaárið hafi verið afar farsælt og skólinn vel setinn. Haustönnin byrjaði að venju á því að hrista hópinn saman með ýmsum verkefnum og loks endað á því að fara í klifur, pílukast og á skauta. Eftir það hófst nokkuð hefðbundið skólastarf. Grunnskólamót var haldið í september en þá mættu um 300 grunnskólanemendur í keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum í umsjá Hnikarrs og auðvitað var vel veitt í eldhúsinu af Kristjáni og kó.

Smám saman fór Tónkvíslin í umsjá Margrétar, að taka meira og meira pláss í samvitund nemenda, lagaleit, safna peningum, æfa, setja upp sviðið og þannig koll af kolli þar til stundin rann upp. Tónkvíslin er einhver magnaðasta kvöldstund og tónlistarveisla sem ég hef upplifað, nemendur magnaðir frá A til Ö, líka í fráganginum. Sigurvegarinn, Alexandra Ósk, tók svo þátt í söngkeppni framhaldsskólanna og stóð sig með miklum sóma með heimasmíðaðan texta Halls í farteskinu.

Eftir Tónkvíslina kom reyndar svolítið spennufall en flest endaði nú vel að lokum. Eftir jólaleyfi var fyrsti viðburður Þorablót en þá um stundir fór Ungmennafélagið Efling fór að undirbúa leiksýningar undir forystu Systu, þar sem nemendur okkar sinntu

flestum hlutverkum og svo má ekki gleyma árshátíðinni í Ýdölum þar sem nemendur og starfsfólk eldhússins fóru á kostum.

Fjölskyldudagur var svo hér á Laugum á Sumardaginn fyrsta. Frábær dagur í alla staði. Hingað komu yfir 400 í heimsókn, sumir langt að, ungir sem aldnir og flestir fundu eitthvað við hæfi. Ég fékk að skoða gamla húsmæðraskólann og get nú kvatt Reykjadalinn sátturn.

Í Menningarferð til Borgarness fóru vel á fimmta tug nemenda í umsjón Járnbrár. Þar sáum við nemendaleikrit Menntaskólans í Borgarfirði, með allt á hreinu, en þar fengum við gistingu og erum MB ævinlega þakklát. Á laugardegi fóru allir á Músiktilraunir þar sem Laugasveitin Rown spilaði. Hún komst svo í úrslit og var þar kosin hljómsveit fólksins í símakosningu á landsvísu. Afar gott band. Á heimleiðinni var kíkt í Reykholt og á Hvanneyri.

Skólinn var valinn Mannréttindaskóli ársins af Amnesty International. Svo má auðvitað nefna, Laugadeildina, fjölmarga minni viðburði og keppnir því það er alltaf nóg að gera í félagslífinu fyrir þá sem það vilja. Tíminn hefur svo rekið okkur hingað, 17. maí, á þjóðhátíðardegi Norðmanna.

Svona var lífið þennan snjólétta vetur en hvernig var lífið á Laugum hér áður? Til þess að svara þessari spurningu hafa verið kallaðir til sérfræðingar úr ýmsum áttum.

Fulltrúi 60 ára afmælisárgangsins, **Páll Dagbjartsson**.

Fulltrúi 50 ára landsprófsnema, **Sigrún Lilja Jónsdóttir**

Fulltrúi 50 ára afmælisárgangsins, **Ásvaldur Þormóðsson**

Tónlistaratriði. **Arndís Björk og Elísa Hrönn** syngja

Fulltrúi 10 ára árgangsins, **Tómas Guðjónsson**

Fulltrúar ársstúdentar er **Arney Dagmar og Dís**

Tónlistaratriði: **Arndís Inga** syngur og **Hilmar Þór** spilar á gítar og syngur

Á fyrsta vetrardag næstkomandi verður haldið upp á 100 ára afmæli skólahalds hér á Laugum og verður þá afmælishátíð mikil haldin. Skólaárið hefur litast talsvert af afmælisundirbúningi, áfanginn Saga Laugaskóla var kenndur í umsjón Rögnu, afmælisnefnd réðst í stórvirki sem sést nú sæmilega fyrir endann á þótt ekki séu öll kurl til grafar komin og enn tækifæri að leggja góðum málum lið í gegnum Hollvini Laugaskóla. Ég vil þakka afmælisnefndinni undir forystu Kristjáns vel unnin störf.

Við skulum hafa það í huga að skólahald á Laugum er ekki sjálfgefið. Um það þarf að standa vörð og sækja sjóinn fast. Sóknir síðustu ára hafa fært okkur fullan skóla af nemendum úr 44 póstnúmerum sem er einsdæmi held ég fyrir skóla af þessari stærð. Það þarf að halda áfram að sækja, verjast, breyta, þróa og viðhalda öllu því

góða sem hér er. Framhaldsskólinn á Laugum er þekkingarstjóriðja í sveit, ein af fáum sem eftir er og eftir veru mína hér í vetur vil ég nú kalla skólann þjóðargersemi.

Það má á stundum sem þessum fara yfir eitt og annað sem miður fer í þessari veröld og þær hættur sem bíða en þetta er gleðistund og nóg af fréttamiðlum sem einbeita sér að því sem miður fer.

Það er samt þannig að þegar skoðaðar eru hagtolur og ýmsar lýðfræðilegar tölur að þá fer heimurinn reyndar almennt batnandi. Á heimsvísu, almennt, eru lífslíkur að aukast, aðgangur að heilsugæslu batnar sem og aðgangur að menntun, hreinu vatni, rafmagni, interneti og fleiri þáttum sem auka lífsgæði og bæta og lengja líf.

Slíkt er hins vegar ekki frétt. Ég skoðaði fréttamiðil í gærkvöldi og fyrsta jákvæða fréttin, frétt um eitthvað jákvætt, var nr. 58 í röðinni.

Við höfum nefnilega oftast eitthvað val, val hvað við skoðum, lesum, verjum tíma okkar í og hvað við segjum. Orð hafa **vægi**.

Í samskiptum höfum við **val**, val um það hverju við svörum. Það er mjög mikilvægt að huga vel að því vali og temja sér öguð vinnubrögð, óháð því hvernig manni líður.

Til mín kemur nemandi til að ræða mál sem liggur honum á hjarta. Það er mikið að gera og allt á síðustu metrunum. Hverju svara ég? Valkost A eða B?

- a) Hættu nú þessu væli, þú ert hvort eða örugglega fallinn í áfanganum og hættu svo að trufla mig, það er brjáláð að gera, skilurðu það ekki, brjáláð að gera....

eða segi ég..

- b) Hvað segir þú í dag nemi minn og hvernig get ég aðstoðað þig á þessum fallega degi?

Það er nefnilega þannig að skóli snýst um nemendur. Skóli er fólkið sem þar er á hverjum tíma, nemendur og starfsfólk. Skóli er stærri, þ.e. stærra og áhrifaríkara tæki til jöfnuðar, velsældar og samfélagsbætingar en flesta grunar. Framhaldsskóli snýst auðvitað um undirbúning nemenda undir frekara nám eða sérhæfð störf en líka um alhliða þroska, þátttöku í samfélaginu, siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, umburðarlyndi, jafnrétti, sjálfstraust og gagnrýna hugsun.

Það steðja að okkur ýmsar áskoranir. Ein sú sem að okkur steðjar, áriðandi og krefjandi, en sú áskorun felst **þiggjandi hluta** þeirra snjalltækja sem þið berið. Að snjalltækin sýni ykkur bara meira af því sem þið viljið sjá - eða að þið sjáið bara það sem **aðrir vilja** að þið sjáið og á þann hátt vefa tækin örlagavef einstaklinga og þjóða. Sjálfhverfa einstaklinga en ekki samfélag fólks.

Á sama tíma felast tækifæri í góðu aðgengi að ógrynni þekkingar, upplýsinga og þjónustu. Þetta er áskorun sem þið fáist við á hverjum degi og þarfnast gagnrýnnar hugsunar og þess að vera **gerandi** í lífinu.

Faðir minn heitinn sagði alltaf, þegar ég var eitthvað að kvarta að í mótbyr sést úr hverju fólk væri gert. Mér fannst þetta alltaf heldur rýrt í roðinu en þegar ég varð eldri hafa þessi orð komið æ oftast upp í hugann. **Í mótbyr sést úr hverju fólk er gert.** Þegar ég skoða sögu Laugaskóla sé ég að í mótbyr hefur skólinn stundum vaxið. Mótbyr og mótlæti hafa laðið fram margar af þeim bestu hliðum sem samfélög hafa svo sem hjálpsemi, kærleika, samkennd og virðingu fyrir öðrum. Dagurinn í dag er táknræn staðfesting á því.

Kæru brautskráningarnemendur. Kannski eru breytingar það eina sem er öruggt í lífinu. Til þess að leiða breytingar þarf forystu, forystu í merkingunni að **leiða** til hins betra. Þegar forysta er veitt er mikilvægt að hlusta, sýna virðingu og hógværð því þetta eru lykilatriði í velgengni. Að takast á við mótlæti og læra af mistökum, eigin og annarra.

Forystu er þörf í eigin lífi og þeim störfum sem á fjörur ykkar reka á ævinni. Forysta felst í að leiða, axla ábyrgð og takast á við áskoranir. Í forystu felst líka að horfast í augu við aðstæður, ógnanir - og sjá tækifæri, því að í flestum ógnum felast tækifæri.

Því segi ég við þig, í eintölu, kæra **stúdentsefni**, eins og segir í textanum eftir Vilhjálm Vilhjálmsson:

Einka þér til eftirbreytni, alla betri menn en mig,

og

Allt hið góða í heimi haldi, í hönd á þér og með þér sé.

Þá er komið að brautskráningu. Alls eru **22 nemendur** að fá skírteini í hendur hér á eftir og 21 þeirra eru mætt hér í dag.

Af félagsvísindabraut útskrifast 12 nemendur, tveir nemendur af íþróttabraut, fimm af Kjörsviðssbraut og loks þrír nemendur af náttúruvísindabraut.

Þá er komið að **brautskráningu**

Arndís Inga Árnadóttir Kjörsviðsbraut Aðaldal

Arndís Björk Tryggvadóttir Kjörsviðsbraut Ljósavatnsskarði

Bella Eir Thorbergsdóttir Félagsvísindabraut Vopnafirði

Christine Lea Fregiste Félagsvísindabraut Mývatnssveit

Egill Atlason Waagfjörð Íþróttabraut Vík í Mýrdal

Einar Örn Valdimarsson Félagsvísindabraut Breiðdalsvík

Elísa Hrönn Eyglóardóttir Félagsvísindabraut Vopnafirði

Elísabet Þráinsdóttir Félagsvísindabraut Reykjavík

Emma Ýr Kristjónudóttir Félagsvísindabraut Aðaldal

Freyja Sif Wium Bárðardóttir Kjörsviðsbraut Vopnafirði

Hjördís Emma Arnarsdóttir Félagsvísindabraut Akureyri

Huginn Ási Sigurðsson Nátturuvísindabraut Kaldakinn

Jóna Stefanía Guðlaugsdóttir Félagsvísindabraut Tálknafirði

Jónatan Smári Guðmundsson Neumann - Kjörsviðsbraut Hörgársveit

Júlía Brá Stefánsdóttir Félagsvísindabraut Mývatnssveit

Karin Niznianska Nátturuvísindabraut Reykjanesbæ

Kristján Benediktsson Íþróttabraut Aðaldal

Samúel Óli Pétursson Félagsvísindabraut Vogum

Sandra Rut Fannarsdóttir Félagsvísindabraut Akureyri

Sandra Huld Helgudóttir Kjörsviðsbraut Kópasker

Sara Rún Sævarsdóttir Nátturuvísindabraut Akureyri

Sólrún Brynja Einarsdóttir Félagsvísindabraut Reykjanesbæ, Stúdent nr 540 frá Laugum.

Ræðu nýstúdents flytja þær Sólrún Brynja og Arndís Björk

Þá er komið að **viðurkenningum og verðlaunum**.

Hæsta einkunn á stúdentsprófi **Huginn Ási Sigurðsson**
 Gefandi: Jarðböðin við Mývatn - Þekkingarnet Þingeyinga

Raungreinaverðlaun **Huginn Ási Sigurðsson** Gefandi: Háskólinn í Reykjavík

Menntaverðlaun Háskóla Íslands **Huginn Ási Sigurðsson** Gefandi: HÍ

Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í dönsku **Huginn Ási Sigurðsson**
 Danska sendiráðið

Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í efnafræði **Huginn Ási Sigurðsson**
 Gefandi: Efnafræðifélag Íslands

Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í erlendum tungumálum **Arndís Inga Árnadóttir**
 Gefandi: Ferðapjónustan Narfastöðum

Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í íslensku **Arndís Björk Tryggvadóttir**
Gefandi: Sparisjóður Þingeyinga

Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í félagsgreinum **Sandra Rut Fannarsdóttir**
Gefandi: Þingeyjarsveit

Viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í íþróttum og þjálffræði **Egill Atlason Waagfjörð**
Gefandi: Dalakofinn

Viðurkenning fyrir góðan árangur í íþróttum **Huginn Ási Sigurðsson** Gefandi: Samherji

Viðurkenning fyrir gott framlag til félagsstarfa **Huginn Ási Sigurðsson** Gefandi: Norðupóll

Viðurkenning fyrir gott framlag til félags- og kynningarstarfa **Jónatan Smári Guðmundsson Neumann**
Gefandi: Jarðböðin við Mývatn

Viðurkenning fyrir gott framlag til félags- og kynningarstarfa **Sólrún Brynja Einarsdóttir** Gefandi: Menningarsjóður Þingeyskra kvenna

Skólaþegn - dugnaður og ósérhlífni **Karin Niznianska** Gefandi: Hótel Rauðaskriða

Ræðu starfsmanns flytur: Eygló Sófúsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Tveir starfsmenn eru kvaddir í dag: Sigríður Valdimarsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson húsbóndi. Þeim eru þökkúð vel unnin störf.

Fyrir starfsaldur hjá FL hljóta eftirfarandi starfsmenn **barmmerki skólans**
Jón Sverrir Sigtryggsson fyrir 10 ára starf - silfurmerki
Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir fyrir 20 ára starf - gullmerki

Tónlistaratriði – Söngflokkurinn Litlir að neðan flytja Austurstræti Ladda - Jónatan söngur, Jón Aðalsteinn á hljómborð, Egill á gítar, Ellert á trommu og hristu, Einar Örn, Böðvar og Ingbór bakraddir og dansarar - en Jóel er í sauðburði og því fjarri góðu gamni.

Það er ekki eins manns verk að stjórna skóla. Ég vil **þakka Samstarfsfólki** mínu fyrir veturinn og umbera mig alla þessa mánuði. Ég gæti talið upp alla starfsmenn hér því allir hafa staðið með mér í gegnum þunnt og þykkt og gefum því gott klapp. Þeir starfsmenn sem báru mestan þunga af því að umbera mig voru mínir nánustu samstarfsmenn sem sátu með mér á löngum fundum í hverri viku. Verst út úr þessu fór Hallur vinur minn í áratugi, sem ég vil ekkert illt, en þessir fundir tóku svo á hann

að hann þurfti í hjartaaðgerð. Hallur ásamt Tótu og Olgu - og svo Eygló á lokametrinum Ég á þeim marga greiða að gjalda.

Kæra samstarfsfólk. Ég hef treyst ykkur til góðra verka og ég hef notið ykkar trausts. Það er heiður að hafa fengið að vera samferða ykkur í vetur.

Kæru nýútskrifuðu fyrrverandi nemendur. Nú er verki mínu næstum lokið. Mig langar samt til að biðja ykkur að bera virðingu fyrir fjölskyldu ykkar og vinum – og því samferðafólki sem verður á vegi ykkar. Berið virðingu og umhyggju fyrir ykkur sjálfum og þeim verkefnum sem þið takið að ykkur í framtíðinni. Ekkert verk er svo lítilmótlegt að það eigi ekki skilið að vera unnið af kostgæfni. **Verið stolt af árangri ykkar og horfið björtum augum til framtíðar því árin líða og maður byggir lönd.**

Ég skila góðri kveðju til ykkar frá Jónu Björk Jónsdóttur fyrrverandi kennara sem gat ekki verið með okkur í dag.

Að lokum

Vera mín á Laugum hefur mótað mig þannig að á einu ári er sjálfsmynd mín er dregin upp af mér - og Laugum til hálfis.

Í Dimmalimm eftir Mugg stendur: *En allt breytist í þessu lífi.*

Ég mun sakna ykkar. Laugar munu alltaf eiga pláss í hjarta mínu, það pláss í hjartanu þar sem alltaf er gott veður.

Með þessum orðum slít ég Framhaldsskólanum á Laugum skólaárið 2024- 2025